RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Bjarnadóttir
Kt. 0604734479
Dags. 5.10.2026 16:32:44
Ástæða: Undirritun

Reykjavík 1. september 2026

Þjóðarleikvangur í golfi - uppbygging nýs golfsvæðis í Hafnarfirði.

Yfirlýsing Golfsambands Íslands (GSÍ)

GSÍ lýsir yfir vilja til að ganga til samstarfs við Hafnarfjarðarbæ og golfklúbbana Keili og Setberg um að kanna möguleika á uppbyggingu þjóðarleikvangs í golfi samhliða þeirri golfuppbyggingu sem þegar er gert ráð fyrir í aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

GSÍ telur slíkt samstarf geta styrkt innviði íslensks golfs til framtíðar, skapað ný tækifæri fyrir afrekskylfinga og eflt aðstöðu fyrir stórmót og alþjóðlega viðburði.

Samstarf við Hafnarfjarðarbæ gæti orðið mikilvægur liður í áframhaldandi uppbyggingu íþróttarinnar og þjónustu við golflandsliðið og afrekskylfinga almennt.

GSÍ óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær taki, strax á frumstigi skipulags- og hönnunarvinnu, tillit til þarfa Golfsambands Íslands og íslenskrar golfhreyfingar við mótun svæðisins.

Jafnframt geri GSÍ kröfu um að þjóðarleikvangur verði megin heimavöllur fyrir mót og viðburði á vegum GSÍ.

GSÍ telur mikilvægt að þjóðarleikvangur í golfi verði byggður með víðtæku samstarfi golfhreyfingarinnar, ríkis og sveitarfélaga eftir því sem mögulegt er.

Golfsamband Íslands leggur áherslu á að eiga virkt samráð við Hafnarfjarðarbæ, golfklúbbana og aðra hagaðila við skipulag og mótun frumdraga þjóðarleikvangs, og með faglegri ráðgjöf um þær kröfur sem gerðar eru til golfmannvirkja, æfingaaðstöðu og mótahalds.

Markmið samstarfsins er að stuðla að framtíðarmiðaðri uppbyggingu golfsvæðisins og tryggja að fjárfesting í því nýtist sem best til lengri tíma. Með samþættri uppbyggingu fyrir almenna golfiðkun, æfingar, afreksstarf, keppni og viðburði getur svæðið þjónað bæði golfhreyfingunni og samfélaginu í Hafnarfirði.

Með þessari yfirlýsingu lýsir Golfsamband Íslands yfir vilja til áframhaldandi samtals og samstarfs við Hafnarfjarðarbæ, golfklúbbana Keili og Setberg og aðra aðila verkefnisins. Markmiðið er að tryggja að þarfir og fagleg sjónarmið GSÍ verði tekin með í áætlanagerð, skipulagi og hönnun svæðisins frá upphafi.

GSÍ leggur til að aðilar verkefnisins geri sameiginlega viljayfirlýsingu um aðkomu aðila og helstu þætti undirbúnings gerðar þjóðarleikvangs, samhliða núverandi áætlun um uppbyggingu golfklúbbanna.

Viljayfirlýsing þessi felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu aðila, heldur lýsir sameiginlegum grundvelli fyrir áframhaldandi samráð.

Fyrir hönd Golfsambands Íslands,

Hulda Bjarnadóttir, forseti

Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri

Brynjar Eldon Geirsson.